

og Hnappadalssýslu háður í lögreglustöðinni í Ólafsvík af Ólafi Ólafssyni fulltrúa. Fyrir var tekið: Rannsókn í tilefni af kæru um ölvun við akstur.

Dómarinn leggur fram ofangreinda kæru, dskj. nr. 1—4, svolhljóðandi:

Fyrir dómi er mættur kærði: Nafn: Haraldur Sævar Kjartansson. Stétt eða atvinna: Fiskimatsmaður. Heimili: Grundarbraut 4, Ólafsvík. Fæðingarstaður: Ólafsvík. Fæðingardagur: 8. nóvember 1933.

Gætt er ákvæða 2. mgr. 77. gr. laga nr. 82/1961.

Kærði játar, að efni kærunnar sé rétt, og kannast við ofangreint brot sitt. Hann samþykkir að greiða kr. 3.500.00 í sekt til ríkissjóðs til að sleppa við málssókn út af brotinu, sem varðar við 2. mgr., sbr. 3. mgr. 25. gr., sbr. 80. gr. umferðarlaga og 1. mgr. 24. gr., sbr. 45. gr. áfengislaga. Sektin greiðist fyrir 30. september, en ella sæti kærði í hennar stað varðhaldi í 3 daga.

Málskostnaður, kr. 500.00, greiðist fyrir sama tíma.

Kærði er sviptur ökuleyfi í 3 mánuði frá 22. ágúst 1972, en hefur glatað ökuskírteini sínu.

Framangreint brot hefur ítrekunarverkun á síðari brot, sbr. 71. gr. laga nr. 19/1940.

Dómarinn lét málssókn falla niður.

Priðjudaginn 10. október 1972.

Nr. 123/1971. **Einar V. Magnússon**

(Ingi Ingimundarson hrl.)

gegn

Grétari Bjarnasyni.

(Logi Guðbrandsson hrl.).

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómarar Hæstaréttar.

Lausafjárkaup. Lögræði.

Dómur Hæstaréttar.

Afrýjandi hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 1. september 1971, að fengnu áfrýjunarleyfi 23. ágúst s. á. Krefst hann þess *aðallega*, að hann verði sýknaður af öllum kröfum stefnda í héraði, en *til vara*, að fjárkröfur stefnda verði lækkaðar eftir mati Hæstaréttar. Þá krefst hann þess, að stefndi verði dæmdur til að greiða sér málskostnað bæði í héraði og fyrir Hæstarétti.

Stefndi krefst staðfestingar hins áfrýjaða dóms og málskostnaðar úr hendi áfrýjanda fyrir Hæstarétti.

Sakarefni er lýst í héraðsdómi.

Bifreiðarkaup þau, er í héraðsdómi greinir, milli áfrýjanda og stefnda, voru ráðin hinn 25. apríl 1967.

Lögráðamenn stefnda og síðar hann sjálfur, er hann varð fjárráða, hófust ekki handa um höfðun dómsmáls til ónýtingar kaupsamningi og til heimtu fjár úr hendi áfrýjanda fyrr en með stefnu 21. maí 1969. Sú afstaða fól þó ekki í sér samþykki eða eftirfarandi staðfestingu á samningsgerðinni, og ekki getur það tómlæti varðað sýknu, svo sem áfrýjandi hefur krafizt.

Við munnlegan flutning máls í héraði hinn 20. apríl 1971 var lýst yfir því af hálfu áfrýjanda, að hann mundi ekki innheimta fé samkvæmt víxlum þeim, sem í héraðsdómi greinir, að fjárhæð kr. 14.000.00. Er þessu atriði ekki rétt lýst í héraðsdómi. Þessa yfirlýsingu endurtók málflutningsmaður áfrýjanda fyrir Hæstarétti og lýsti því jafnframt afdráttarlaust, að áfrýjandi gerði ekki kröfu til hinnar seldu bifreiðar úr hendi stefnda. Kaupin milli þeirra áfrýjanda og stefnda gerðust hinn 25. apríl 1967, svo sem greint var, en stefndi er fæddur hinn 19. september 1946 og var ókvæntur í apríl 1967. Ekkert er fram komið, er hnekki þeirri staðhæfingu áfrýjanda, að hann hafi verið grandlaus um heimild stefnda til að láta af hendi við hann þær kr. 40.000.00, sem hann galt við afhendingu bifreiðar. Sama gegnir að sínu leyti um greiðslu á þeim kr. 6.000.00, er bróðir stefnda innti af hendi við áfrýjanda til greiðslu á víxlum, svo sem í héraðsdómi greinir. Benda gögn máls til, að stefndi hafi verið

fullvinnandi maður, er greiðslur þessar fóru fram. Að svo vöxnu máli þykja traustnámsreglur um peninga leiða til þess, að sýkna beri áfrýjanda af kröfum stefnda í máli þessu. Eftir atvikum þykir rétt, að málskostnaður í héraði og fyrir Hæstarétti falli niður.

Dómsorð:

Áfrýjandi, Einar V. Magnússon, skal vera sýkn af kröfum stefnda, Grétars Bjarnasonar, í máli þessu.

Málskostnaður í héraði og fyrir Hæstarétti fellur niður.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 28. apríl 1971.

Mál þetta, sem dómtekið var 20. apríl s.l., hefur Grétar Bjarnason, Akursbraut 22, Akranesi, höfðað fyrir bæjarþinginu með stefnu, birtri 23. maí 1969, gegn Einari V. Magnússyni, Hraunbæ 174, Reykjavík, og Guðmundi Guðbjörnssyni, Hofteigi 20, Reykjavík.

Stefnandi lýsir málavöxtum á þá leið, að með ódagsettu afsali hafi stefndi Guðmundur Guðbjörnsson selt stefnanda bifreiðina R 7184 af Buick gerð. Tilkynning til Bifreiðaeftirlits ríkisins hafi verið dagsett 25. apríl 1967. Kaupverðið hafi verið kr. 60.000.00 og hafi kr. 40.000.00 verið greiddar út í hönd, en eftirstöðvarnar, kr. 20.000.00, hafi verið greiddar með víxlum, samþykktum af kaupanda. Við kaupin hafi verið ljóst, að stefndi Guðmundur Guðbjörnsson hafi verið seljandi til málamynda, en hinn raunverulegi seljandi hafi verið stefndi Einar V. Magnússon og hafi greiðslur gengið til hans. Stefnandi hafi greitt kr. 6.000.00 af ofangreindri víxilskuld.

Stefnandi hafi, er kaup þessi gerðust, verið ófjárráða fyrir aldurssakir, fæddur 18. september 1946.

Dómkröfur stefnanda eru þær aðallega, að stefnda Einari verði gert að þola riftun ofangreindra kaupa og að endurgreiða stefnanda kr. 46.000.00 með 7% ársvöxtum frá 25. apríl 1967 til greiðsludags, að honum verði gert að skila stefnanda þeim af ofangreindum víxlum, sem ógreiddir eru, að nafnverði kr. 14.000.00, að honum verði gert að greiða stefnanda útlagðan bifreiðaskatt, kr. 1.986.00, og málskostnað að skaðlausu, allt gegn afhendingu á bifreiðinni R 7184. Til vara gerir stefnandi allar sömu kröfur á hendur stefnda Guðmundi Guðbjörnssyni.

Stefndu hafa aðallega krafizt sýknu, en til vara, að kröfur stefnanda verði stórlækkaðar.

Mál þetta var þingfest 27. maí 1969 með framlagningu stefnu, og var þá mætt af hálfu beggja stefndu. Lögmaður stefnanda fékk frest til frekari málatilbúnaðar til 3. júní s. á. Þann dag fékk svo lögmaður stefndu frest til greinargerðar til 24. júní s. á. Þann dag var lögð fram greinargerð af hálfu lögmanns stefndu, og var þar krafizt frávisunar málsins. Var málið flutt um hina framkomnu frávisunarkröfu 5. desember 1969 og kveðinn upp úrskurður hinn 10. desember 1969, þar sem frávisunarkrafan var ekki tekin til greina. Hinn 4. marz 1970 lagði lögmaður stefndu fram greinargerð varðandi efnishlið málsins, síðan hafa lögmennt aðilja tekið sameiginlega fresti til öflunar gagna til 17. febrúar 1971, en þá var lýst yfir af hálfu lögmannna aðilja, að gagnasöfnun væri lokið. Munnlegur málflutningur fór svo fram 10. marz s.l., en málið var endurupptekið 23. marz s.l. til þess að gefa lögmanni stefnanda kost á að leiða sem vitni móður stefnanda. Hún kom fyrir dóm 20. apríl s.l., og var málið þá flutt að nýju og dómtekið.

Áður hafði dómari málsins leitað um sáttir, en án árangurs.

Málavextir virðast vera þeir, að stefnandi hafi vorið 1967 keypt bifreið af stefnda Einari V. Magnússyni. Áður hafi stefndi Einar keypt bifreið þessa af stefnda Guðmundi Guðbjörnssyni, en bifreiðin ekki verið skráð á nafn stefnda Einars og það svo orðið að samkomulagi, að stefndi Guðmundur, sem skráður eigandi, gæfi út afsal og sölutilkynningu. Eftir kaup þessi var bifreiðinni ekið upp á Akranes og notuð í tvo mánuði, en þá var farið með bifreiðina til Reykjavíkur til stefnda Einars, og lét hann aðra vél í bifreiðina. Sú vél var úr sams konar bifreið og nýlega uppgerð. Eftir þessa aðgerð var bifreiðinni ekið upp á Akranes, en er þangað kom, var hún að sögn stefnanda mikið biluð, og var bifreiðinni lagt fyrir framan heimili stefnanda uppi á Akranesi, og þar stóð hún lengi, en hinn 20. apríl s.l. sagði móðir stefnanda, að bifreiðin væri nú í porti Röresteypunnar á Akranesi. Eftir að bifreiðinni var lagt á Akranesi sumarið 1967, hefur ekki verið gerð tilraun til þess að gera við hana.

Stefnandi rökstyður kröfu sína um riftun með því, að stefnandi hafi verið ólöggráða, þá er hann keypti bifreiðina, en samkvæmt 1. mgr. 19. gr. laga nr. 95/1947 bindi löggerningur ófjárráða mann hann ekki, ef hann hefur ekki heimild til að gera slíkan löggerning. Í 18. gr. laga nr. 95/1947 sé kveðið svo á, að ófjárráða

manni sé óheimilt að stofna til skuldar eða veðsetja fjárum. Af 36. gr. sömu laga megi ráða, að kaup lausafjár, ef um tiltölulega mikil verðmæti sé að ræða, séu ólögráða manni einnig óheimil. Umrædd kaup stefnanda á bifreiðinni R 7184 hafi verið stefnanda óheimil og því ekki bindandi fyrir hann og sé riftunarkrafan byggð á því.

Þegar kaupin gerðust, hafi ekki farið á milli mála, að seljandinn var stefndi Einar V. Magnússon, enda hafi allar greiðslur gengið til hans. Hins vegar hafi salan verið gerð í nafni stefnda Guðmundar Guðbjörnssonar og sé því varkakrafan gerð á hendur honum.

Lögmaður stefndu rökstyður kröfur sínar með því, að 19. gr. lögræðislaganna eigi ekki við í þessu tilviki. Stefnandi hafi haft heimild foreldra sinna til umræddra bifreiðakaupa. Hann geti nú ekki, eftir að hann sé orðinn fjárráða, sjálfur gert riftunar- og fjárkröfu, tveimur árum eftir að gerningurinn sé gerður. Riftunar hefði orðið að krefjast strax og þá fyrir atbeina fjárhaldsmanns, er honum hafi orðið kunnugt um kaupin. Hafi stefnandi eða fjárhaldsmaður hans átt einhvern rétt, hafi hann fallið niður fyrir aðgerðarleysisssakir.

Þá er kröfum stefnanda mótmælt á þeim grundvelli, að hann ætli auðsjáanlega að hagnast á viðskiptum þessum. Bifreiðina R 7184, sem hann hafi látið liggja í algerri vanhírðu og látið ryðga niður, vilji hann nú láta af hendi gegn kr. 60.000.00 ásamt vöxtum. Sé ljóst, að slík viðskipti mundu leiða til stórhagnaðar fyrir stefnanda og hafi ekki stuðning í 21. gr. lögræðisлага eða öðrum lagaákvæðum.

Er þess krafizt, að komi til þess, að riftun verði dæmd, þá verði greiðsla til stefnanda miðuð við það verðmæti, sem bifreiðin R 7184 hafi á skiladegi. Stefnandi hafi keypt bifreiðina fyrir gangverð og hún hafi verið ógölluð.

Stefndi Einar eigi hjá stefnanda víxilkröfu að fjárhæð kr. 14.000.00. Verði sýknukrafan ekki tekin til greina, er þess krafizt til vara, að kröfum stefnanda og stefnda verði skuldajafnað.

Stefndi Guðmundur krefst sýknu, enda sé hann ekki hinn raunverulegi seljandi.

Aðalstefndi Einar V. Magnússon viðurkennir að hafa verið búinn að kaupa bifreiðina R 7184, sem er Buick, árgerð 1957, af Guðmundi. Hins vegar hafi bifreiðin ekki enn verið skráð á nafn Einars, er Einar seldi Grétari. Hafi orðið að samkomulagi,

að Guðmundur sem skráður eigandi gæfi út afsal og sölutilkynningu.

Við munnlegan málflutning lýsti lögmaður stefndu því yfir, að stefndi Einar mundi ekki innheimta vixla þá, að fjárhæð samtals kr. 14.000.00, sem stefnandi hefur samþykkt og stefndi Einar á.

Víxlar þessir hafa verið lagðir fram í málinu sem dskj. nr. 12, 13, 14, 15 og 16.

Í málinu hafa farið fram yfirheyrslur, og hafa eftirtaldir aðiljar verið yfirheyrðir: stefnandi, stefndi Einar, faðir og móðir stefnanda.

Þykir rétt að rekja nokkuð framburði þeirra, er komið hafa fyrir dóm til yfirheyrslu vegna máls þessa.

Stefnandi kom fyrir dóm til yfirheyrslu 12. júní 1970. Stefnandi sagðist telja sig vera kunningja bróður stefnda Einars og þá er kaupin fóru fram, hafi stefnandi verið staddur heima hjá stefnda Einari. Stefnandi sagðist hafa farið til Reykjavíkur til þess að kaupa bíl. Ekki hafi foreldrum hans verið kunnugt um þessa fyrirætlun hans, en stefnandi sagðist hafa verið með kr. 40.000.00 á sér, þá peninga hafi hann fengið að láni hjá ömmu sinni, en foreldrar hans hafi ekki vitað um peningalán þetta. Stefnandi sagði, að sér hafi ekki verið kunnugt um það, að hann þyrfti samþykki lögráðamanns til að gera kaup eins og þessi. Þá er kaup þessi áttu sér stað, var stefnandi heimilisfastur hjá foreldrum sínum og er það enn, en stefnandi sagðist vera mikið að heiman, þar sem hann sé sjómaður. Stefnandi sagði, að þegar hann kom upp á Akranes með bílinn og foreldrum hans var ljóst, að hann hafði keypt bílinn, að þá hafi foreldrar hans ekkert gert í málinu. Stefnandi sagðist hafa notað bílinn í um það bil tvo mánuði, en eftir það hafi verið farið með bílinn til stefnda Einars, en hann hafi verið búinn að lofa að gera upp vélina í bílnum. Það hafi Einar ekki gert, heldur sett aðra vél í bílinn. Hafi rétt verið hægt að keyra bílinn upp á Akranes, en þar hafi verið farið með hann á verkstæði, en vélin hafi verið alveg ómöguleg eftir þessa viðgerð Einars. Stefnandi sagðist hafa lagt bílnum fyrir framan húsið, þar sem hann býr, og hafi bifreiðin aldrei verið keyrð eftir það og ekki hafi verið gerð tilraun til að gera við hana.

Stefnandi sagði, að eftir að bílnum hafði verið lagt, þá hafi móðir stefnanda haft samband við stefnda Einar vegna máls þessa. Fyrr hafi ekki verið haft samband við Einar af hálfu lög-

ráðenda stefnanda. Stefnandi sagði, að stefndi Einar hafi á einhverju stigi málsins boðið sér að fá annan bíl í staðinn. Ekki mundi stefnandi nákvæmlega, hvenær það var, en sagðist þá hafa verið á Súgandafirði og hafi stefndi Einar hringt í sig þangað. Stefnandi hélt, að þetta hafi verið, eftir að lögmaður stefnanda hafði fengið málið í hendur.

Stefnandi sagði, að bifreiðin hafi allan tímann, eftir að henni var lagt, staðið fyrir utan heimili stefnanda að Akursbraut 22, Akranesi, og taldi stefnandi, að þar sé bifreiðin svona 400—500 metra frá sjó, en stefnandi sagði, að bifreiðin væri mjög illa farin og sé hún mygluð að innan.

Bjarni Guðmundsson, faðir stefnanda, kom fyrir dóm til yfirheyrslu 12. júní 1970. Sagði hann, að á þeim tíma, sem kaup þessi áttu sér stað, hafi hann verið á síldveiðum og lagt upp á Austfjörðum, og sagðist hann hvorki hafa vitað um bifreiðarkaupin, áður en þau áttu sér stað, né um peningalánið. Þegar faðir stefnanda kom til Akraness, hafi verið búið að leggja bifreiðinni. Faðir stefnanda sagðist hafa verið búinn að fréttu af bifreiðarkaupunum, áður en hann kom til Akraness, hafi kona hans talað við hann og sagt honum frá kaupunum. Faðir stefnanda sagði, að af hálfu þeirra foreldra Grétars hafi ekkert verið gert til að rifta kaupunum, fyrr en eftir að búið var að leggja bifreiðinni.

Faðir stefnanda sagðist halda, að þá er stefnandi keypti sér bíl í fyrsta sinn, hafi hann samþykkt þau kaup.

Hinn 20. apríl s.l. kom Ása Jónsdóttir, móðir stefnanda, fyrir dóm til yfirheyrslu. Hún sagðist ekki hafa vitað um bifreiðarkaupin, fyrr en stefnandi kom með bifreiðina upp á Akranes, en peninga til bifreiðarkaupanna muni stefnandi hafa fengið hjá móðurömmu sinni, hún heiti María Bjarnadóttir og búi hún á heimili móður stefnanda og sé um áttætt. Ekki sagðist móðir stefnanda vita, hvernig frá peningaláninu hafi verið gengið. Þetta hafi bara verið á milli stefnanda og ömmu hans, en móðir stefnanda sagði, að hann mundi ekki vera búinn að greiða ömmu sinni lánið. Móðir stefnanda sagðist hafa vitað um peningalánið, þá er stefnandi kom með bifreiðina, en þá hafi hún spurt hann, hvar hann hefði fengið peninga til kaupanna. Ekki kvaðst móðir stefnanda vita, hversu mikla fjárhæð amman hafi lánað stefnanda, en sagðist vita, að hann eigi eftir að borga henni kr. 10.000.00.

Móðir stefnanda sagði, að hann sé enn sjómaður og sé hann

háseti á Lagarfossi og búi hann hjá foreldrum sínum. Ekki sagðist móðir stefnanda muna til þess, að hún hafi haft samband við stefnda Einar í því skyni að reka á eftir viðgerð á bifreiðinni. Móðir stefnanda sagði, að stefnandi hafi áður keypt bifreið og þá hafi þau foreldrar hans samþykkt kaupin.

Það kom fram hjá móður stefnanda, þá er hún var fyrir dómi, án þess að það væri bókað, að amma stefnanda gæti ekki komið fyrir dóm, hún væri gömul og lasburða og farin að tapa minni. Dómari málsins spurði móður stefnanda, hvort ekki væri hægt að leggja fram t. d. bankabók ömmunnar, ef það gæti upplýst um lánveitingu hennar til stefnanda, svaraði móðir stefnanda því til, að amman mundi ekki hafa geymt þessa peninga á banka.

Hinn 4. marz 1970 kom stefndi Einar fyrir dóm til yfirheyrslu vegna máls þessa. Sagði hann, að honum hafi verið ljóst, að stefnandi hafi ekki verið orðinn 21 árs, þá er hann seldi stefnanda bílinn. Stefndi Einar sagðist sjálfur hafa talið óþarfa að fá samþykki foreldra stefnanda vegna bifreiðarkaupanna, þar sem þetta hafi verið kunningjafólk sitt. Sagði stefndi Einar, að bróðir hans og stefnandi hafi verið kunningjar. Stefndi Einar sagði enn fremur, að stefnandi hafi sagt sér, að hann væri með 40 þúsund krónur til bifreiðarkaupanna frá foreldrum sínum.

Stefndi Einar sagðist vera lærður bifvélavirki og hafi hann á þessum tíma unnið við bifvéla viðgerðir.

Stefndi Einar sagði, að ca. tveimur mánuðum eftir að hann seldi stefnanda bílinn, þá hafi bílnum verið komið til Einars og hafi þá vél bifreiðarinnar verið biluð, en þó í gangfæru standi, og sagðist Einar hafa sett aðra vél í bílinn. Hafi sú vel verið úr sams konar bíl og nýlega uppgerð. Hafi bróðir stefnanda sótt bifreiðina til Einars og þá um leið greitt tvo víxla, en síðan kvaðst Einar ekkert hafa heyrt í stefnanda og ekkert um mál þetta vitað, fyrr en hann hafi fengið bréf frá lögfræðingi stefnanda. Stefndi Einar sagði, að sú viðgerð, þegar hann setti nýja vél í bifreiðina, hafi verið innifalin í kaupverðinu og hafi hann ekkert tekið fyrir vinnu eða varahluti, þá er viðgerðin var framkvæmd.

Þá er stefndi Einar kom fyrir dóm 12. júní 1970, var hann spurður um það, hvenær hann hafi fyrst heyrt frá stefnanda eða foreldrum hans í sambandi við bifreiðarkaup þessi eða réttara sagt um það, að þau vildu rifta kaupunum. Einar sagði, að á meðan hann hafði bifreiðina til viðgerðar, þá hafi móðir stefnanda hringt, en erindi hennar hafi verið að reka á eftir viðgerðinni. Hafi henni fundizt það taka of langan tíma að gera við

bifreiðina og hafi viljað fá hana sem fyrst upp á Akranes. Ekkert hafi þá verið talað um riftun. Einar minnti, að þó nokkru seinna hafi Grétar hringt og hafi hann þá eitthvað minnst á það, að Einar tæki aftur við bifreiðinni. Einar sagðist hafa tekið dauflega í það og þá hafi stefnandi ekki talað meira um það. Einar sagði, að það næsta hafi verið, að lögmaður stefnanda hafi hringt í Einar vegna máls þessa og muni það hafa verið eftir áramótið 1967—1968. Einar sagði, að þá hafi verið farið fram á riftun. Einar sagðist halda, að þegar hann hringdi til stefnanda vestur á Súgandafjörð, að það muni hafa verið eftir að hann fékk bréf frá lögmanni stefnanda. Einar sagðist aldrei hafa verið beðinn að gera aftur við bifreiðina eða bæta úr þessu og sagðist heldur ekki hafa boðizt til þess, en sagðist hafa reiknað með, að sú fjárhæð, sem hann átti hjá stefnanda, en það voru kr. 14.000.00 í víxlum, yrði látin ganga til þess að bæta úr göllum þessum. Ekki sagðist Einar hafa stungið upp á þessu við stefnanda eða talað um það, en sagðist aldrei hafa innheimt þessa víxla.

Eins og áður er getið, er mál þetta höfðað sem riftunarmál og riftunarkrafan rökstudd með því, að stefnanda hafi verið kaupin óheimil vegna lögræðisskorts hans.

Þá er viðskipti þau, sem mál þetta er af risið, fóru fram, var í gildi 3. gr. laga nr. 95 frá 1947, en þar segir: „Maður er fjárráða 21 árs gamall, nema sviptur sé fjárræði“. Í málinu hefur verið lagt fram sem dskj. nr. 10 fæðingarvottorð stefnanda, en þar segir, að hann sé fæddur 19. september 1946. Samkvæmt upplýsingum Þjóðskrár er stefnandi ókvæntur. Á dskj. nr. 3 er söluútkynning um sölu bifreiðarinnar R 7184, og er hún dagsett 25. apríl 1967, þannig að þá er kaupin fóru fram, þá var stefnandi ólöggráða sökum aldurs.

Í III. kafla laga nr. 95 frá 1947 er fjallað um löggæringa ólöggráða manna. Lögin takmarka mjög ráðstöfunarrétt ófjárráða manna á fjármunum þeirra, og er hlutverk laganna að vernda hagsmuni ólöggráða manna.

Í 18. gr. nefndra laga segir svo in fine: „Ekki heimila þau ófjárráða manni að stofna til skuldar né veðsetja fjármuni“. Í 1. mgr. 19. gr. sömu laga: „Löggæringar ólöggráða manns, sem hann hafði ekki heimild til að gera, binda hann ekki“. Af þessum tilvitnuðu lagagreinum er ljóst, að stefnandi er óbundinn af samþykki sínu á víxlum þeim, samtals að fjárhæð kr. 20.000.00, sem hann samþykkti við bifreiðarkaupin.

Af hálfu stefndu er því haldið fram, að stefnandi hafi haft

heimild foreldra sinna til bifreiðarkaupanna og því eigi 19. gr. laga nr. 95 frá 1947 ekki við í þessu tilviki. Stefnandi hefur sjálfur haldið því fram fyrir dómi, að peningana að fjárhæð kr. 40.000.00, sem hann greiddi við bifreiðarkaupin, hafi hann haft að láni frá ömmu sinni. Því sama hafa foreldrar stefnanda báðir haldið fram fyrir dómi og jafnframt, að stefnandi hafi ekki haft heimild þeirra til kaupanna. Undir rekstri málsins hefur ekkert komið fram, sem hnekki þessari fullyrðingu stefnanda. Þá er stefndi Einar var fyrir dómi 4. marz 1970, sagði hann, að honum hafi verið ljóst, að stefnandi hafi ekki verið orðinn 21 árs, þá er Einar seldi honum bílinn, en sagðist sjálfur hafa talið óþarfa að fá samþykki foreldra stefnanda vegna bifreiðarkaupanna, þar sem þetta hefði verið kunningjafólk sitt. Hvort aðiljar máls þessa voru kunningjar eða ekki, skiptir ekki máli um nauðsyn þess að leita samþykkis lögráðamanns. Þarna var um viðskipti tveggja ungra manna að ræða, en stefndi Einar var lögráða, fæddur 25. apríl 1944. Bifreið sú, sem mál þetta er af risið, er að sögn stefnanda árgerð 1957, en hana hafði stefndi Einar keypt af ólögráða manni og svo skömmu seinna selt hana öðrum ólögráða manni, eða stefnanda. Viðskipti með gamlar bifreiðar eru þess eðlis, að þar er almennt mikillar aðgæzlu þörf og þá ekki sízt, ef ólögráða menn eiga aðild að kaupunum. Lögræðislögin leggja ríka ábyrgð á þá, sem standa í viðskiptum við ólögráða menn. Stefndi Einari var ljóst, að stefnandi var ekki lögráða, þá er viðskiptin áttu sér stað. Þar sem ekki hefur neitt komið fram undir rekstri málsins, er hnekki þeirri fullyrðingu stefnanda, að þarna hafi verið um lánsfé að ræða, en ekki sjálfsaflafé, verður að telja, að bifreiðarkaupin í heild séu ekki bindandi af hálfu stefnanda, sbr. 18. og 19. gr. laga nr. 95 frá 1947.

Í lögræðislögunum er ekki tiltekinn ákveðinn frestur til þess að krefjast riftunar vegna lögræðisskorts. Það hefur komið fram af hálfu stefnanda og svo hjá foreldrum stefnanda, þá er þau komu fyrir dóm, að þau hafi ekki hugleitt að krefjast riftunar, fyrr en eftir að bifreiðinni hafði verið lagt. Fyrir dómi hefur stefndi Einar borið, að nokkru eftir umrædda viðgerð á bifreiðinni hafi stefnandi hringt og hafi hann þá eitthvað minnzt á það, að Einar tæki aftur við bifreiðinni. Stefndi Einar kvaðst hafa tekið dauflega í það og þá hafi stefnandi ekki talað meira um það. Það næsta sagði stefndi Einar, að hafi verið, að lögmáður stefnanda hafi hringt í stefndi Einar vegna máls þessa og muni það hafa verið eftir áramótin 1967—1968, en þá hafi verið farið

fram á riftun. Af því, sem hér hefur verið rakið, verður ekki fallt á það með stefnda, að stefnandi hafi firrt sig rétti með aðgerðarleysi.

Í 21. gr. lögræðislaga er kveðið svo á, að valdi lögræðisskortur ógildi samnings, þá skuli hvor aðili skila aftur þeim verðmætum, sem hann hefur veitt viðtöku. Í þessu sambandi er um gamla bifreið og peninga að ræða. Það er eðli bifreiða að falla í verði við hvert ár, sem líður og þá hvernig sem með þær er farið, þó að vísu nokkuð mismunandi eftir meðferð. Það hefur komið fram, að þessi bifreið hefur alltaf verið látin standa úti og það í sjávarplássi. Eflaust hefði það farið betur með bifreiðina, ef hún hefði verið látin standa inni, en hún hefði samt fallið í verði. Það að láta bifreiðina standa úti má telja visst aðgæzluleysi hjá stefnanda, en þó ekki svo, að saknæmt geti talizt, enda er það mjög algengt, að bifreiðar standi úti í öllum veðrum.

Niðurstaða málsins verður því sú, að taka beri kröfu stefnanda um riftun til greina og þá um leið kröfu stefnanda um útlagðan bifreiðaskatt. Vextir reiknist þó ekki nema frá dagsetningu innheimtubrúfís lögmanns stefnanda, en það er 10. janúar 1969.

Varastefndi Guðmundur Guðbjörnsson skal vera sýkn af kröfum stefnanda í máli þessu.

Rétt þykir, að hver aðili um sig beri sinn kostnað af málinu.

Dómari málsins var Auður Þorbergsdóttir.

Dómsorð:

Varastefndi Guðmundur Guðbjörnsson skal vera sýkn af kröfum stefnanda, Grétars Bjarnasonar, í máli þessu.

Stefndi Einar V. Magnússon greiði stefnanda, Grétari Bjarnasyni, kr. 46.000.00 með 7% ársvöxtum frá 10. janúar 1969 til greiðsludags og kr. 1.986.00 í bifreiðaskatt og skili víxlum, samþykktum af stefnanda, samtals að fjárhæð kr. 14.000.00, allt gegn afhendingu á bifreiðinni R 7184. Allt innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.

Málkostnaður falli niður.